

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 1/2009

frá 5. febrúar 2009

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2008 frá 26. apríl 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1500/2007 frá 18. desember 2007 um leyfi fyrir nýrri notkun á 6-fýtasa EC 3.1.3.26 (Ronozyme) sem aukefni í fóðri ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1501/2007 frá 18. desember 2007 um leyfi fyrir nýrri notkun á endó-1,4-beta-xýlanasa EC 3.2.1.8 (Safizym X) sem aukefni í fóðri ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1519/2007 frá 19. desember 2007 um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2430/1999, (EB) nr. 418/2001 og (EB) nr. 162/2003 að því er varðar skilmála leyfis fyrir tilteknum aukefnum í fóðri í flokknum hníslalyf og önnur lyf ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1520/2007 frá 19. desember 2007 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1521/2007 frá 19. desember 2007 um leyfi fyrir nýrri notkun á *Enterococcus faecium* DSM 7134 (Bonvital) sem aukefni í fóðri ⁽⁶⁾.
- 7) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

II. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 223, 21.8.2008, bls. 36, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 52, 21.8.2008, bls. 9.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 333, 19.12.2007, bls. 54.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 333, 19.12.2007, bls. 57.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 335, 20.12.2007, bls. 15.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 335, 20.12.2007, bls. 17.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 335, 20.12.2007, bls. 24.

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1k (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2430/1999):
„– **32007 R 1519**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1519/2007 frá 19. desember 2007 (Stjtið. ESB L 335, 20.12.2007, bls. 15).“
2. Eftirfarandi bætist við í lið 1t (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 418/2001) og 37. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 162/2003):
„eins og henni var breytt með:
– **32007 R 1519**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1519/2007 frá 19. desember 2007 (Stjtið. ESB L 335, 20.12.2007, bls. 15).“
3. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 1zzzz (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1380/2007):
„1zzzzf. **32007 R 1500**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1500/2007 frá 18. desember 2007 um leyfi fyrir nýrri notkun á 6-fýtasa EC 3.1.3.26 (Ronozyme) sem aukefni í fõðri (Stjtið. ESB L 333, 19.12.2007, bls. 54).
1zzzzg. **32007 R 1501**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1501/2007 frá 18. desember 2007 um leyfi fyrir nýrri notkun á endó-1,4-beta-xýlanasa EC 3.2.1.8 (Safizym X) sem aukefni í fõðri (Stjtið. ESB L 333, 19.12.2007, bls. 57).
1zzzzh. **32007 R 1520**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1520/2007 frá 19. desember 2007 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fõðri (Stjtið. ESB L 335, 20.12.2007, bls. 17).
1zzzzi. **32007 R 1521**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1521/2007 frá 19. desember 2007 um leyfi fyrir nýrri notkun á *Enterococcus faecium* DSM 7134 (Bonvital) sem aukefni í fõðri (Stjtið. ESB L 335, 20.12.2007, bls. 24).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 1500/2007, 1501/2007, 1519/2007, 1520/2007 og 1521/2007, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2009.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.